

að bregða útaf þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á, verður  
að bera málið upp sér í lagi fyrir stjórnarráðinu.

1871.  
6. nóvbr.

**99. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-  
valdanna á Íslandi, um inntöku í hinn lærða skóla  
í Reykjavík.**

6. nóvbr.

Í bréfi 9. f. m., hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, að skólameistarinn við hinn lærða skóla í Reykjavík hafi álitid, að pilturinn Jón Finsen, sem ekki er fullra 12 ára, sé hæfur til þess að setjast í neðsta bekk skólans, og lagt til, að stjórnarráðið leyfi, að þannig sé brugðið útaf því, sem fyrir er mælt í 3. grein skólareglugjörðarinnar.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið samþykkir, að tæðum læri-  
sveini sé veittur skóli.

**100. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins  
yfir Íslandi, um hluttekning Íslands í gripasýningunni  
í Kaupmannahöfn 1872.<sup>1</sup>**

6. nóvbr.

Í bréfi 11. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá þeim ráðstöfunum, sem þér hafið gjört útaf hluttekning Íslands í

<sup>1</sup>) Sama dag skrifaði dómsmálastjórnin forstöðunefndinni fyrir gripa-  
sýningunni í Kaupmannahöfn 1872 á þessa leið:

Eftir að dómsmálastjórnin samkvæmt bréfi forstöðunefndar-  
innar 8. ágúst þ. á., hafði lagt stiptamtmanninum yfir Íslandi  
og amtmanninum á Færeyjum fyrir, að þeir annaðhvort sjálfir  
eða með hjálp nefnda takist á hendur, að standa fyrir þeim ráð-  
stöfunum, sem með þarf til þess að Ísland og Færeyjar geti tekið

1871.  
6. nóvbr.

gripasýning þeirri fyrir Norðurlönd, sem á að halda í Kaupmannahöfn árið 1872, og sent hingað bænarskrá, þar sem formaður þeirrar nefndar, sem að tilhlutun yðar er sett í suðuramtinu yður til aðstoðar í þessu máli, sækir um, að nefndinni verði fengið nokkuð fê til að borga kostnaðinn við að búa um hluti þá, sem sendir verða til gripasýningarinnar, flutningskaup, og fl.; hafið þér jafnframt lagt það til, að stiptamtinu verði veitt heimild til að verja allt að 500 rd. af því fê, sem veitt er í fjárhagsáætlun Íslands 4. marz þ. á. 11. gr., til að efla hluttekning Íslands í gripasýningunni, þannig, að þessari upphæð verði skipt milli umdæmanna eptir því, sem yður sýnist, til að styðja þetta málefni og standast kostnaðinn, sem rís af þessu.

Um leið og vèr veitum yður heimild til þess, væntum vèr að fá reikning um, hvernig fènu hefir verið varið, og höfum vèr í dag skrifað landfógeta að borga yður fêð úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar þér gjörið tilkall til þess.

28. nóvbr.

### 101. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kúgildi á klausturjörðu.

Með bréfi 8. septbr. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem umboðsmaður Kirkjubæjar- og

þátt í gripasýning þeirri frá Norðurlöndum, sem á að halda í Kaupmannahöfn 1872, höfum vèr fengið skýrslu frá stiptamtmaninum, og samkvæmt henni er nú sett nefnd í Reykjavík fyrir suðuramtíð, og eru í þeirri nefnd assessor í landsyfirrættinum, Magnús Stephensen, formaður, kaupmennirnir: O. P. Möller og H. A. Thomsen í Reykjavík, og Guðmundur Thorgrimsen á Eyrarbakka, prófastur Þórarinn Böðvarsson í Görðum og Kristinn bóndi Magnússon í Engey, en fyrir vesturamtíð eru tvær nefndir, önnur í Stykkishólmi og hin á Ísafirði, í þeirri hinni fyrri er amtmaður sjálfur, umboðsmaður Árni Thorlacius og verzlunarstjóri Páll Hjaltalín, og í hinni sýslumaður og bæjarfógeti Stefán Bjarnarson, héraðslæknir Þorvaldur Jónsson og verzlunarstjóri M. P. Riis. Frá amtmanninum í norður- og austurumdæminu var ekki komin nein skýrsla um framkvæmdir hans í þessu máli.

Þetta undanfellum vèr ekki að tilkynna forstöðunefndinni.